

ORION Ráðgjöf ehf.
Árni Jónsson
Borgartún 20
105 Reykjavík

2003070004
1000; 9310

Reykjavík, 22. október 2003
/--

Efni: Framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Orion ráðgjafar ehf. dags. 11. júlí 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt framkvæmd á skíðasvæðinu í Bláfjöllum samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits bæjarráðs Kópavogsbæjar, framkvæmdastjórnar vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá bæjarráði Kópavogsbæjar með bréfi dags. 10. október 2003, framkvæmdastjórn vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins með bréfum dags. 29. júlí og 8. september 2003, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfum dags. 29. júlí og 4. september 2003 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 1. ágúst 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 7. ágúst, 16. september og 16. október 2003.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila er kynnt fimm ára áætlun (2003 - 2007) um framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.

Tilgangur framkvæmdanna er að auka öryggi skíðaiðkenda, auka afköst og nýtingu skíðalyfta, togbrauta og skíðagöngusvæðis og að bæta bílastæði sem séu nauðsynlegar aðgerðir vegna reksturs og þróunar svæðisins.

Framkvæmdirnar skiptast í eftirfarandi verkþætti.

1. Færsla núverandi togbrautar í Kóngsgili suður fyrir hól sem hún liggur austan í. Land verður jafnað í nýju brautarspori og á skíðaleiðum með tilfærslu á efni í brekkunni. Áætlað

áhrifasvæði er um 30.000 m² og áætlað magn jarðvegs sem rutt verði til um 6.000 m³. Áætlaður framkvæmdatími er árið 2003.

2. Landmótun í spori toglyftu Fram og á skíðaleiðum. Efni verður ýtt til að grynna gil og minnka þverhalla á skíðaleið. Áætlað áhrifasvæði er um 16.000 m² og áætlað magn jarðvegs sem rutt verði til um 8.000 m³. Áætlaður framkvæmdatími er árið 2003.

3. Byrjendatogbraut við Eldborgargil. Fyrirhugað er að móta land frá endastöð togbrautar í átt að skíðaskála Fram til þess að greiða fyrir skíðaleið. Áætlað áhrifasvæði er um 135 m² og áætlað magn jarðvegs sem rutt verði til um 40 m³. Áætlaður framkvæmdatími er árið 2003.

4. Ný stólalyfta í Kóngsgili. Gert er ráð fyrir að reisa nýja stólalyftu vestan núverandi lyftu. Við endastöð á fjallstoppi verði svæði sléttað og tengt jeppaslóða er liggur til austurs að stólalyftu í Suðurgili og einnig tengt við Norðurleið sem er hefðbundin skíðaleið frá núverandi stólalyftu í Kóngsgili. Jarðrask verður í lágmarki við undirstöður mastra og gert er ráð fyrir að eldri stólalyfta verði fjarlægð. Lagfæring á jeppaslóð feli í sér óverulegt jarðrask eða tilfærslu á um 1 m³ á hvern lengdarmeter á um 700 m kafla. Áætlaður framkvæmdatími er árið 2004.

5. Stækkun bílastæða um 500 stæði eða í 1.200 - 1.300 og breikkun vegar. Fyrirhuguð er stækkun á bílplani við Ármannsskála er fjölgar bílastæðum um 120 og er efnisþörf vegna þess áætluð um 5.700 m³. Hluti þeirrar framkvæmdar felst í nauðsynlegri rýmkuð svæðis við Ármannsskála með því að taka um 38.000 m³ af efni úr hól vestan skálans og nýta við endurbætur á bílastæðum, gerð nýrra bílastæða og breikkunar vegar að skálanum. Efnið verður tekið úr þeirri hlið hólsins sem snýr að fjallinu en hún er nú þegar nokkuð röskuð vegna efnisnáms við gerð núverandi bílplans. Lagfæra á núverandi bílastæði norðan Bláfjallaskála sem liggur í miklum halla og er erfitt í hálku. Gert er ráð fyrir að rétta halla þess og er áætluð efnisþörf um 3.000 m³. Önnur bílastæði verða hækkuð til að draga úr skaflamyndun vegna skafrennings og er áætluð efnisþörf vegna þess 6.500 m³. Gert er ráð fyrir 380 nýjum bílastæðum á tveimur plönnum sunnan og austan vegar við Breiðabliksskála og er áætlað flatarmál þeirra um 9.600 m² og heildarefnisþörf um 20.000 m³. Fram kemur að breikka þurfi 900 m langan vegarkafli, það er um 1,5 m, frá bílastæði við Bláfjallaskála að bílastæði við Ármannsskála og er áætluð efnisþörf um 2.700 m³. Áætlaður framkvæmdatími er árin 2004-2007.

Ennfremur kemur fram að lýsing sem er á fyrstu 2,5 km við skíðagöngubraut verði lagfærð árið 2005. Fram kemur að komið verður upp fleiri snjósöfnunargirðingum, en þær gera það að verkum að hægt er að opna svæðið fyrr en ella á veturna. Girðingarnar verði yfirleitt um 1 m á hæð en ýmist úr gerviefni eða timbri. Áætlaður framkvæmdatími er árin 2003-2007.

Vatnsverndarsvæði og fólkvangur

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið er skilgreint sem fjarsvæði A á uppdrætti af verndarsvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins, sem staðfestur var af umhverfissráðherra 5. febrúar 1999. Fram kemur að starfsemi á skíðasvæðinu komi ekki til með að breytast í kjölfar framkvæmdanna. Því sé ekki ástæða til að ætla að hún komi til með að hafa aukna áhættu í för með sér m.t.t. mengunar vatns, enda séu í gildi starfsleyfi fyrir núverandi starfsemi sem fyrirhugaðar framkvæmdir séu í samræmi við. Skíðasvæðið liggur innan fólkvangsins í Bláfjöllum en um rekstur hans gildi ákveðnar reglur samkvæmt tilkynningu Menntamálaráðuneytisins nr. 173, 9. apríl 1985. Þar komi fram að stefna skuli að

því að svæðið verði skipulagt til skíðaiðkunar eftir því sem efni þyki til og að jarðrask og hvers konar mannvirkjagerð í fólkvanginum sé háð leyfi Náttúruverndarráðs (nú Umhverfisstofnun).

Gróður

Í gögnum framkvæmdaraðil, er byggja á bréfi Náttúrfræðistofnunar Íslands, dags. 4. júní 2003, kemur fram að landssvæðið í Bláfjöllum sé tiltölulega lítt gróið og gróðurþekja sé meira og minna ósamfelld. Öll gróðursamfélög sem komi fyrir á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði séu algeng í næsta nágrenni og á landsvísu. Einkennandi fyrir svæðið sé raskað land í nágrenni við lyftur og önnur mannvirki og sé það áberandi þar sem röskuð svæði falli lítt að landi umhverfis, sérstaklega þegar snjór liggja ekki yfir. Vegna þess hversu land liggja hátt yfir sjó sé uppgræðsla erfið og notkun áburðar og sáning á grasi henti illa því þá skerri röskuð svæði sig enn meira úr umhverfinu. Fram kemur að talið sé ólíklegt í ljósi þeirra gróðurfélaga sem séu á svæðinu að tegundafjölbreytni sé mikil, þó ekki sé hægt að útiloka slíkt. Við framkvæmdir verði forðast eins og hægt sé að skerða þann litla gróður sem fyrir er á framkvæmdasvæðinu.

Jarðminjar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að móbergshryggir einkenni skíðasvæðið og séu þeir af algengri gerð. Endamastur nýrrar stóllalyftu í Kóngsgili muni verða á brún gígs á móbersghryggnum ofan við Bláfjallaskála en röskum af því verði minniháttar. Móbergshóll við Ármannsskála muni skerðast við efnistöku en búið sé að taka efni úr honum áður. Fram kemur að núverandi skíðagöngubraut liggja um austurhlíðar nútímadyngju sem nefnd er Strompar og hafi fyrst og fremst sjónræn áhrif vegna ljósastaura sem standi í hrauninu en skíðagöngubrautin raski ekki jarðmyndunum að öðru leyti. Lítil bílastæði hafi verið gerð á hrauni við veginn í nágrenni skíðaskála og sé ætlunin að ný bílastæði verði austan vegarins við Breiðabliksskála í tengslum við bílastæði sem fyrir eru.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að hann muni vanda til verksins og ekki valda óþarfa skerðingu á jarðmyndunum og gróðri, enda sé stefnt að því að svæðið geti orðið vinsælt útvistarsvæði allan ársins hring. Í fyrirhugaðri deiliskipulagsvinnu fyrir svæðið muni verða tekið tillit til þess. Einnig muni framkvæmdaraðili hlíta þeim skilmálum sem koma fram í starfsleyfum og með því sé dregið úr hættu á að framkvæmdir valdi mengun grunnvatns. Að mati framkvæmdaraðila muni fyrirhugaðar framkvæmdir ekki valda verulegum áhrifum á umhverfið og ekki séu líkur til þess að þau geti talist umtalsverð.

Samræmi við skipulag

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að stjórnsýslulega tilheyri svæðið að mestu Kópavogsbæ en lítill hluti framkvæmdasvæðis liggja innan sveitarfélagamarka Garðabæjar/Bessastaðahrepps og sveitarfélagsins Ölfuss. Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir fyrir framkvæmdasvæðið og nágrenni þess séu: Svæðisskipulag Höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012. Í Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 sé framkvæmdasvæðið skilgreint sem fólkvangur, opið svæði til sérstakra nota og fjarsvæði m.t.t. vatnsverndar vegna neysluvatnstöku. Vatnsvernd krefjist þess að takmarkanir gildi um umferð vélknúinna tækja á svæðinu og geymslu eldsneytis. Hluti gönguskíðabrautar suðaustur fyrir fjallshrygginn liggur innan marka sveitarfélaganna Garðabæjar/Bessastaðahrepps og sveitarfélagsins Ölfuss. Ekki liggja fyrir skipulagsáætlanir fyrir svæðið innan Garðabæjar

/Bessastaðahrepps en í drögum að aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfuss sé svæðið skilgreint sem óbyggt svæði.

Einnig kemur fram að samkvæmt uppdrætti af verndarsvæðum vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins, sem staðfestur var af umhverfissráðherra 5. febrúar 1999, sé framkvæmdasvæðið skilgreint sem fjarsvæði A.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Í umsögn bæjarráðs Kópavogs kemur fram að með tilvísun í framlögð gögn telji skipulagsnefnd Kópavogsbæjar framkvæmdina ekki matsskylda og það er einnig niðurstaða Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Umhverfisstofnunar.

Vatnsverndarsvæði og fólkvangur

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að fulltrúar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins geri ekki ráð fyrir aukinni aðsókn að skíðasvæði Bláfjalla í kjölfar framkvæmdanna, heldur að með þeim náist að halda aðsókn sambærilegri þeirri sem hafi verið undanfarin ár. Slíkt mat sé m.a. byggt á þróun aðsóknar undanfarinna ára, almennri samkeppni um afþreyingu og áhrifum veðurfars á skíðaiðkun. Í ljósi þess séu ekki forsendur eða áform um að byggja fleiri skíðaskála. Ekki séu áformaðar breytingar á núverandi hreinlætisaðstöðu og fráveitu, þar sem núverandi aðstaða anni þörfum svæðisins. Í gildi séu starfsleyfi fyrir skálana og því ætti öll vitneskja um áhrif þessarar starfsemi að liggja fyrir. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að byggja ný bílastæði og lagfæra þau eldri þar sem núverandi aðstaður anni ekki bílastæðapörfinni á svæðinu, þegar aðsókn sé mikil. Með fjölgun og uppbyggingu bílastæða verði aukið við þjónustu á svæðinu, aðgengi bætt verulega, dregið úr hættu á að kyrrstæðir bílar renni til í stæðum og að bílum sé lagt í vegköntum. Framkvæmdir vegna bílastæða komi því líklega til með að auka umferðaröryggi, þar sem aðkoma verður greiðari og um leið verði væntanlega dregið úr líkum á mengunaróhöppum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, um frekari upplýsingar framkvæmdaraðila, kemur fram sú niðurstaða að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum í ljósi þess sem fram kemur að „ekki sé gert ráð fyrir aukinni aðsókn í kjölfar framkvæmda.“ Greinilegt sé að það sé mat skýrsluhöfunda að sá markhópur sem verið er að þjóna sé þröngur og þess ekki að vænta að bætt þjónusta laði að fleiri gesti. Heilbrigðiseftirlitið hafi ekki forsendur til að véfengja þetta mat framkvæmdaraðila. Hins vegar er undirstrikað mikilvægi þess að fram komi í niðurstöðu Skipulagsstofnunar að boðaðar framkvæmdir séu allar starfsleyfisskyldar hjá viðkomandi heilbrigðisnefnd sbr. greinar 27 og 30 í samþykkt 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í ljósi þess að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé á vatnsverndarsvæði telji stofnunin mikilvægt að gætt verði ítrustu varúðar við fyrirhugaðar framkvæmdir og farið eftir fyrirmælum viðkomandi heilbrigðiseftirlits til að tryggja vatnsvernd. Vegagerð og aðrar verklegar framkvæmdir á svæðinu séu háðar leyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna, sbr. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Reykjavíkur og

nágrannasveitarfélaga. Samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 796/1999 m.s.b. um varnir gegn mengun vatns er heilbrigðisnefnd heimilt að banna framkvæmdir á verndarsvæðum til verndar vatnsgæðum. Einnig þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar fyrir efnistöku sbr. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun bendir á að skíðasvæðið er innan fólkvangs í Bláfjöllum og telst allt land innan hans til náttúruminja. Fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi nú þegar verið raskað mikið með fyrri framkvæmdum á skíðasvæðinu. Þar eru fyrir nokkrir skálar, skíðalyftur, bílastæði, vegir, snjógirðingar og raflýsing á hluta gönguskíðabrautar. Umhverfisstofnun telur að þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru skv. tilkynningu framkvæmdaraðila samræmist reglum um friðlýsingu svæðisins og rýri ekki verndargildi þess en telur jafnframt að vanda verði vel til verka við framkvæmdirnar. Bent er á að afla þarf leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 og auglýsingu nr. 173/1985 um fólkvang í Bláfjöllum.

Gróður

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að leggja gegn fyrirhuguðum framkvæmdum og telji að ef vel sé að verki staðið þurfi fyrirhugaðar framkvæmdir ekki að valda verulegu raski á gróðurfari. Með hliðsjón af framangreindu telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdirnar muni hafa umtalsverð áhrif á gróður. Vanda verði til vinnu við landmótun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði þannig að framkvæmdin falli eins vel og kostur er að umhverfinu en einnig verði forðast eins og kostur er að skerða þann litla gróður sem fyrir er.

Jarðminjar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að Náttúrufræðistofnun Íslands bendi á að endi nýrrar stólalyftu við Kóngsgil er í gíg móbergshryggs á brúninni ofan við Bláfjallaskál og að ganga mætti þannig frá að ekki skaði gíginn að óþörfu. Að mati stofnunarinnar verða áhrif framkvæmdarinnar minni háttar þar sem fleiri slíkir gígar og betur varðveittir, séu norðar í fjöllum og því ekki um einstakar jarðminjar að ræða. Með hliðsjón af greinargerð Náttúrufræðistofnunar Íslands telji Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhugaðar framkvæmdir hafi í för með sér umtalsverð áhrif á jarðminjar en lögð er áhersla á að forðast verði að raska framangreindum móbergsgíg eins og kostur er. Þá verði ekki um að ræða jarðrask á hrauni vegna lagfæringar á raflýsingu á fyrstu 2,5 km gönguskíðabrautar og að við breikkun vegar frá Bláfjallaskála að Suðurgili verði ekki raskað meira svæði en sem svarar endanlegri breidd vegarins.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin gerir ekki athugasemdir við að efni verði tekið úr hólnum við Ármannsskála en bent er á að leggja verði fram áætlun um efnistöku í samræmi við 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en leyfi er veitt til efnistökkunnar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Helstu framkvæmdir sem áætlað er að ráðast í á tímabilinu 2003 - 2007 á skíðasvæðinu í Bláfjöllum eru tilfærsla á toglyftu, uppsetning nýrrar stólalyftu, niðurrif núverandi stólalyftu, mótun lands á skíðaleiðum og stækkun bílastæða. Framkvæmdirnar eru tilkynningarskyldar til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið er innan vatnsverndarsvæðis sem taka verði tillit til. Ekki sé búist við aukinni aðsókn að skíðasvæðinu

í ljósi reynslu undanfarinna ára og því séu ekki forsendur eða áform um byggingu nýs skíðaskála eða breytingar á núverandi hreinlætisaðstöðu og fráveitu. Skipulagsstofnun telur framkvæmdaraðila hafa fært fyrir því nægileg rök að framkvæmdirnar auki ekki verulega aðsókn að skíðasvæðinu og með tilliti til vatnsverndar sé bætt aðstaða á bílastæðum og breikkun vegar jákvæðar aðgerðir sem líklegt er að dragi úr óhöppum sem geti haft í för með sér mengun grunnvatns.

Umhverfisstofnun telur fyrirhugaðar framkvæmdir samræmast reglum um friðlýsingu svæðisins sem fólkvangs og ekki rýra verndargildi þess. Skipulagsstofnun telur framkvæmdirnar hafa óveruleg áhrif á ásýnd svæðisins, gróður og jarðminjar. Lyftur eru nú þegar í fjallshlíðinni og felst framkvæmdin einkum í því að færa til toglyftu og setja upp nýja stólalyftu í stað þeirrar sem fyrir er í Kóngsgili. Fjallshlíðarnar eru töluvert raskaðar í kringum mannvirki og vegna mótunar lands á skíðaleiðum og mun fyrirhuguð landmótun ekki breyta því verulega. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um að gróðri á svæðinu og móbergsgíg við endastöð nýrrar stólalyftu þurfi að hlífa eins og kostur er. Skipulagsstofnun fellst á að frekari efnistaka úr móbergshól við Ármannsskála sé ásættanleg en taka þarf tillit til ásýndar svæðisins við efnistöku og frágang í verklok.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar framkvæmdir á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, Kópavogi, séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdirnar eru í samræmi við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 og Aðalskipulag Kópavogs 2000-2012. Skíðasvæðið er á fjarsvæði vatnsverndar skv. samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem staðfest var 5. febrúar 1999. Framkvæmdasvæðið er innan fólkvangs sbr. auglýsingu nr. 173/1985 um fólkvang í Bláfjöllum. Það er mat Skipulagsstofnunar að vegna umfangs áætlaðrar uppbyggingar á skíðasvæðinu í Bláfjöllum þurfi að gera deiliskipulag af svæðinu áður en ráðist er í framkvæmdir og að æskilegt sé að við gerð þess verði haft sem víðtækast samráð m.t.t. vatns- og náttúruverndar.

Framkvæmdirnar eru ýmist háðar framkvæmdaleyfi Kópavogsbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. eða byggingarleyfi sbr. 43. gr. sömu laga. Ganga þarf frá deiliskipulagi fyrir skíðasvæðið áður en unnt er að veita framkvæmdaleyfi. Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf að leggja fram áætlun um efnistöku í samræmi við 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og auglýsingu nr. 173/1985 um fólkvang í Bláfjöllum. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis skv. 27. og 30. gr. samþykktar nr. 636/1997 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkur, Seltjarnarneskaupstaðar, Kópavogs, Garðabæjar, Bessastaðahrepps og Hafnarfjarðar og vegna efnistöku skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. nóvember 2003.

Hólfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Kópavogsbær, framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Umhverfisstofnun, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstaður, Garðabær, Bessastaðahreppur, Hafnarfjörður og Sveitarfélagið Ölfus .